

19. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

19. fundur landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps var haldinn 26.ágúst 2021 kl 20:00 í Skipholti.

Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir, Benedikt Kristinn Ólafsson ásamt fjallkóngi, Jóni Bjarnasyni.

Dagskrá fundarins:

1. Fjallferð

- a. Fjallferðin getur farið fram með nokkuð hefðbundnum hætti. Hver og einn fjallmaður ber ábyrgð á sér og reynir eftir bestu getu að fylgja fjarlægðar og sóttvarnarreglum.
- b. Fjallmönnum var raðað niður í leitir, suður, norður og austurleitir. Flestir þeir sem óskuðu eftir ákveðinni leit fengu hana. Leitarseðill verður auglýstur á næstu dögum.

2. Réttir

- a. Vegna COVID-19 er augljóst að réttir verða ekki með hefðbundnum hætti þetta árið.
- b. Ákveðið var að bíða eftir að Landssamtök Sauðfjárbænda fundi um málið og gefi út leiðbeiningar varðandi réttir 2021.
- c. Ákveðið var að halda vinnukvöld í Launfit mánudagskvöldið 30. ágúst nk. klukkan 19:00.

Fundi slitið klukkan 21:10